

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 frá 7. nóvember 2019 um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/1871 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/ESB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 12d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/470) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12e. **32019 R 1871**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871 frá 7. nóvember 2019 um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB (Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41).

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast eiga við að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem þær gerðir hafa verið teknar upp í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 61.

2. gr.

Texti 128. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB) í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn fellur brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1871, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.